



Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd

Austurstræti 8 – 10

101 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2022.

Efni: Umsögn Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands (KVFI) um frumvarp til laga um félagafrelsi 24. mál.

Tilgangur frumvarpsins er sagður vera að tryggja félagafrelsi 74. gr. stjórnarskrárinnar, rétt launamanna til að velja sér stéttarfélag, leggja bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum, vernda rétt launamanna til að standa utan verkfalla stéttarféлага sem þeir tilheyra ekki og afnema greiðsluskyldu ófélagsbundinna launamanna þar sem þess er krafist í lögum eða kjarasamningum.

Við yfirferð einstakra greina frumvarpsins er ljóst að þessa frumvarpssmíð þarf að vanda mun betur ef taka á hana alvarlega. Sé það í raun vilji þingsins að breyta ákvæðum gildandi laga er nauðsynlegt að fara yfir öll ákvæði þeirrar löggjafar sem nú er í gildi, átta sig á mismunandi regluverki sem gildir um launafólk og atvinnurekendur og mismunandi regluverki sem gildir um almenna markaðinn og opinbera geirann. Það sem þessu frumvarpi er ætlað að tryggja er auk þess nú þegar að verulegu leyti tryggt með lögum og í stjórnarskrá. Því ætti ekki að vera þörf á að endurtaka slík ákvæði hér með sérlögum.

Vert er að taka fram að meirihluti félagsmanna Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) gerir svokallaða einstaklingsbundna ráðningarsamninga. Reynslan hefur sýnt að félagsmenn VFÍ eru stundum beittir þrýstingi að standa utan stéttarfélags eða ganga til liðs við stéttarfélag sem er atvinnurekanda þóknanlegt. Einnig finnast dæmi um að félagsmenn í starfi hafi verið beittir þrýstingi til að skipta um stéttarfélag. Í slíkum tilvikum er ljós yfirburðastaða atvinnurekanda og refsíákvæði laga marklaus í því samhengi.

Reykjavík, 5. desember 2022.

Stjórn Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands.